

1.-4. bekkur / 2.-4. þrep
5.-7. bekkur / 4.-5. þrep

 Akureyri |  MIÐSTÖÐ
SKÓLAPRÓUNAR |  Læsi er lykiliðinn...

1. prep 2. prep 3. prep **4. prep** 5. prep 6. prep

Samræða, tjáning og hlustun		Lestur og lesskilningur		Ritun/miðlun	
Færniþættir	Áherslur í kennslu	Færniþættir	Áherslur í kennslu	Færniþættir	Áherslur í kennslu
Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn	Lesfimi	Lesfimi	Skrift og réttritun	Skrift og réttritun
Tjáir sig skýrt og áheyrulega.	Skapa nemendum tækifæri til að æfa raddbeitingu, framburð og raddstyrk, s.s. í leikrænni tjáningu og upplestri.	Umskráning er nokkuð fyrirhafnarlítill.	Styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni.	Skrifar læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd.	Halda áfram að byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og ritun óhljóðréttra orða.
Tjáir eigin skoðanir og tilfinningar með viðeigandi áherslum og látbragði.	Hvetja nemendur til að tala skýrt og veita þeim leiðbeinandi endurgjöf.	Les með áherslum og flæði er ágætt.		Byggir stafsetningu á hljóðgreiningu og sjónrænum orðaforða, stafsetur rétt aukinn fjölda óhljóðréttra orða og orða með tvöföldum samhljóða.	Efla skilning á helstu reglum um réttritun með því að skoða og greina orð í tengslum við ritun nemenda.
Getur flutt undirbúið efni og haldið athygli áheyrenda í nokkurn tíma.	Kenna nemendum að greina lykilupplýsingar í fjölbreyttu efni og endursegja með eigin orðum.	Býr yfir auknum sjónrænum orðaforða, s.s. orðaforða námsgreina og sjaldgæfum orðum og nýtir sér það við lesturinn, en hljóðar sig í gegnum erfið orð.	Halda áfram að byggja upp sjónrænan orðaforða nemenda með orðarýni, orðalistum, leifturspjöldum, spilum og leikjum.	Hefur tileinkað sér algengustu stafsetningar-reglur.	Skoða texta og ræða um notkun greinarmerkja, s.s. kommur, gæsalappir og tvípunkt.
Getur endursagt og/eða lesið upphátt texta með viðeigandi áherslum og látbragði.	Kenna nemendum að undirbúa framsögn og æfa sig í að halda athygli hlustenda.	Skilningur	Halda áfram að efla hljóðkerfisvitund og þekkingu á rithætti orða, s.s. hljóðlíkum stöfum, einföldum og tvöföldum samhljóða, samhljóðasamböndum, samsettum orðum og orðhlutum.	Notar rétta greinarmerkjasetningu í einföldum málsgreinum, s.s. punkt í lok málsgreina, spurningarmerki og upphrópunarmerki.	Leiðbeina nemendum um skrift og gefa þeim tækifæri til að þjálfa og þróa rithönd sína.
Samræður, samskipti og hlustun	Samræður, samskipti og hlustun		Skilningur	Nýtir sér ritvinnslu í tölvu.	Leiðbeina nemendum um notkun ritvinnsluforrita, s.s. hvernig setja má myndir og texta skipulega upp.
Tekur þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.	Skapa tækifæri fyrir nemendur til að taka virkan þátt í samræðum, tjá skoðanir sínar og rökstyðja.	Les og sýnir fram á skilning með því að segja frá aðalatriðum.	Halda áfram að kenna notkun algengra greinarmerkja, s.s. kommu og gæsalappa.	Textagerð	Textagerð
Getur rætt um lausn verkefna í minni og stærri hópum.	Ræða um leiðir til að nota samræður í mismunandi tilgangi, s.s. koma upplýsingum áleiðis eða taka þátt í félagslífi.	Nýtir sér vísbendingar til að lesa á milli lína og draga ályktanir.	Æfa og greina raddlestur nemenda og grípa inn í með einstaklingsmiðaðri kennslu.	Velur í eigin ritun hugmyndir sem henta tilgangi og lesendum.	Skapa nemendum tækifæri til að skrifa fjölbreytta texta í ákveðnum tilgangi og fyrir tiltekinn lesendahóp.
Tekur þátt í samræðum um málefni liðandi stundar við bekkjarfélaga, s.s. á bekkjarfundum.	Leggja áherslu á að samskipta- og samræðureglum sé fylgt.	Gerir sér grein fyrir að eigin túlkun getur verið ólík túlkun höfundar eða annarra lesenda.	Áhersla á hljóðlestur í ólíkum tilgangi, s.s. til að leita upplýsinga eða lesa sér til skemmtunar.	Skrifar ýmsar textategundir, s.s. sögur, fræðitexta, skýrslur, ljóð, fréttir, fyrirmæli og lýsingar.	Hvetja nemendur til að skrifa frá eigin brjosti, efla eigin rödd og móta persónulegan stíl.
Myndar sér skoðun og rökstyður hana.	Aðstoða nemendur við að setja sér markmið um tjáningu og hlustun í samræðum og námi, setja með þeim viðmið um árangur og veita leiðbeinandi endurgjöf.	Gerir sér grein fyrir hvernig persónur, staðreyndir og atburðir eru sett fram og getur rætt um val höfundar á framsetningu.	Skilningur	Getur gert útdrátt úr stuttum texta svo aðalatriði komi fram.	Sýna nemendum hvernig hægt er að nota ritun til að tjá sig um og hafa áhrif á mál sem skipta þá máli.
Notar fjölbreyttan orðaforða til að vekja áhuga eða til að útskýra af nákvæmni.		Þekkir einkenni og tilgang ólíkra textategunda og nýtir þá þekkingu til skilnings.	Kenna nemendum að aðgreina augljósar upplýsingar og þær sem gefnar eru í skyn með vísbendingum.	Ræðir ýmsa möguleika á framsetningu efnis, s.s. hvernig persónur eru kynntar í frásögn, eða efnisatriði sett fram í upplýsingatexta.	Kenna nemendum að finna aðalatriði í texta og nýta ritun til að draga þau saman í glósum eða útdráttum.
Hlustar af athygli og beitr þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem fram kemur í gegnum ólíka miðla.		Notkun texta/aðferðir	Kenna með sýnikennslu, samvinnu og æfingum að draga aðalatriði úr texta, mynda tengingar, draga ályktanir og lesa á milli lína.	Notar fjölbreyttan orðaforða til að auka áhuga lesenda.	Ræða ákvarðanir höfunda við gerð texta og hvetja nemendur til að velja á hvern hátt þeir setja fram upplýsingar um fólk og hugmyndir í textum.
		Finnur og velur texta sem hæfir ákveðnum tilgangi og lesendahópi, t.d. með því að nota leitarvélar og athuga áreiðanleika heimilda.	Halda áfram að byggja upp orðaforða, s.s. sjaldgæf orð og orðaforða námsgreina með orðarýni, orðalistum, spilum og leikjum.	Greinir frá hugmyndum og efni í röklegri röð, notar ýmsar tengingar milli setninga og vísar skýrt til persóna og atburða.	Sjá nemendum fyrir ríkulegum tækifærum til að kynnast nýjum orðum og nýta þau í ritun sinni.
		Notar fjölbreyttar aðferðir við að skilja texta, t.d. gagnvirkan lestur, kortagerð af ýmsu tagi, ritunarramma, samræður og orðanámsaðferðir.	Notkun texta/aðferðir	Getur byggt upp texta með upphafi, miðju og endi.	Efla næmi fyrir merkingu orða og orðhluta, s.s. forskeyti og viðskeyti.
			Lesið og endurlesið fjölbreyttan texta, bæði bókmenntir og fræðilegan texta og skapa nemendum tækifæri til að gera það sama.	Aðferðir	Efla skilning nemenda á uppbyggingu ólíkra texta, s.s. tilgangi, byggingu og skipulagi.
			Ræða hvers vegna höfundar setja staðreyndir, persónur og atburði fram á tiltekinn hátt.	Ræðir og skipuleggur hugmyndir áður en ritun hefst, s.s. með því að teikna, skrifa, nota hugarflug, hugtakakort, samræður og ritunarramma.	Vinna með byggingu texta, s.s. með því að gefa dæmi um hvernig raða má málsgreinum saman í texta eftir innihaldi eða upplýsingum.
			Ræða hvernig textar eru skrifaðir í ólíkum tilgangi og fyrir tiltekinn markhóp.		Aðferðir
					Halda áfram að vinna með leiðir við að undirbúa ritun, s.s. að viðá að sér efni og meta mikilvægi upplýsinga.
					Hvetja nemendur til að nýta sér fjölbreyttar leiðir við að skipuleggja ritunarferlið, s.s. hugarflug, hugtakakort og ýmsa ritunarramma.
					Kenna nemendum að finna, skrá og flokka upplýsingar úr texta.
					Halda áfram að sýna ólíka möguleika á hvernig setja má texta fram miðað við markmið og lesendahóp.
					Veita nemendum tækifæri til að nýta tölvuforrit/smáforrit við ritun/miðlun.
					Ræða við nemendur um ritun þeirra, hjálpa þeim að ígrunda ferli og afrakstur ritunar og gefa leiðbeinandi endurgjöf.